

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um kostnaðarauka ríkissjóðs
við óskertar fæðingarorlofsgreiðslur.

Frá Berglindi Ósk Guðmundsdóttur.

- Hver væri kostnaðarauki ríkissjóðs árin 2018–2023 ef mánaðarleg greiðsla úr Fæðingarorlofssjóði væri 100% af meðaltali heildarlauna í stað 80% í lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 144/2020, að því gefnu að lengd fæðingarorlofs haldist óbreytt? Óskað er eftir upplýsingum um kostnaðarauka að teknu tilliti til lækkunar barna-, vaxta- og húsnæðisbóta og annarra bóta eftir atvikum, og einnig að tekið sé tillit til hærri tekju-skattsgreiðslna til ríkissjóðs frá þeim sem fengu greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði.
- Hver hefði sami kostnaðarauki verið ef allir hefðu fullnýtt rétt sinn til fæðingarorlofs á þessum árum?
- Hver væri, miðað við forsendur ársins 2024, áætlaður kostnaðarauki árin 2024–2027 ef mánaðarleg greiðsla úr Fæðingarorlofssjóði yrði 100% af meðaltali heildarlauna á sama tíma og til stendur að hækka hámarksfjárhæð mánaðarlegrar greiðslu úr 600.000 kr. í 900.000 kr.?

Skriflegt svar óskast.